

Bygging hafrannsóknaskips

04 408

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumans	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Bygging hafrannsóknaskips
Fjárlagaliðurinn er í umsjón
Matvælaráðuneytis
Skúlagata 4, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Bygging hafrannsóknaskips er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs í umsjón Matvælaráðuneytis.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 13 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 0,0 milljónir og afkoma kr. 0,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 27,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 5.527,8 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Byggingar hafrannsóknaskips í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning fyrir fjárlagaliðinn Bygging hafrannsóknaskips fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Anna María Urbancic,
skrifstofustjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
	Tekjur samtals	<u>0</u>	<u>0</u>
Gjöld			
Annar rekstrarkostnaður		<u>2.000</u>	<u>0</u>
	Gjöld samtals	2.000	0
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(2.000)	0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		<u>(16.981)</u>	<u>(8.495)</u>
		(16.981)	(8.495)
	Afkoma ársins	<u><u>(18.981)</u></u>	<u><u>(8.495)</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Verk í vinnslu, skip	2	993.236.505	31.073.949
Fastafjármunir samtals		<u>993.236.505</u>	<u>31.073.949</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	3	4.534.544.514	3.762.724.030
Veltufjármunir samtals		<u>4.534.544.514</u>	<u>3.762.724.030</u>
Eignir samtals		<u>5.527.781.019</u>	<u>3.793.797.979</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	4		
Hrein eign		27.781.019	277.978.108
Eigið fé samtals		<u>27.781.019</u>	<u>277.978.108</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar		0	15.674.873
Viðskiptaskuldir		0	144.998
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	5	5.500.000.000	3.500.000.000
Skuldir samtals		<u>5.500.000.000</u>	<u>3.515.819.871</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>5.527.781.019</u>	<u>3.793.797.979</u>
Aðrar upplýsingar	6		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(18.981)	(8.495)
		(18.981)	(8.495)
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Tengdir aðilar		163.979	(136.503)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(144.998)	144.998
		18.981	8.495
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu			
		(962.162.556)	(31.073.949)
		(962.162.556)	(31.073.949)
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag			
		962.162.556	31.073.949
		962.162.556	31.073.949
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í forni afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði. Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppséðanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppséðanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

2 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Verk í vinnslu, skip.....	993.236.505	31.073.949
	<u>993.236.505</u>	<u>31.073.949</u>

3 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	4.534.544.514	3.753.790.956
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	0	8.933.074
	<u>4.534.544.514</u>	<u>3.762.724.030</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	0	15.674.873
	<u>0</u>	<u>15.674.873</u>

4 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	277.978.108	277.986.603
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(250.178.108)	0
Afkoma ársins	(18.981)	(8.495)
Jöfnuður 31.12.	<u>27.781.019</u>	<u>277.978.108</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

5 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

31.12.2022 31.12.2021

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingarfjárveitinga	993.236.505	31.073.949
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	4.506.763.495	3.468.926.051
	<u>5.500.000.000</u>	<u>3.500.000.000</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	31.073.949	3.468.926.051	3.500.000.000
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	2.000.000.000	2.000.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum, verk í vinnslu	962.162.556	(962.162.556)	0
	<u>993.236.505</u>	<u>4.506.763.495</u>	<u>5.500.000.000</u>

Skýringar

6 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Fjárlagaliðurinn hefur gert skuldbindandi samning um kaup og smíði á hafrannsóknaskipi, gert er ráð fyrir að greiðsla á árinu 2023 muni nema um 2.030 millj.kr.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.